

Drög að starfsáætlun ESB fyrir skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins 2012-2014

Tillaga sérstaks vinnuhóps fyrir skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins.

26. janúar 2012

Nálgun

Evrópusambandið er að ganga í gegnum verstu efnahagskreppu í sögu sambandsins. Eftir að efnahagskreppan skall á árið 2008 hefur djúp kreppa verið að skekja nokkur lönd innan Evrópu. Evrópsk ríki standa í auknum mæli frammi fyrir erfiðleikum varðandi hvaða úrræðum skal beita og innleiðingu á efnahagsstefnum og nauðsynlegum umbótum til að stuðla að vexti og atvinnu og á sama tíma tryggja sjálfbærni ríkisfjármála og félagsverndarkerfa.

Evrópa stendur frammi fyrir gríðarlegum erfiðleikum á komandi árum. Með meira en 23,5 milljónir manna skráða á atvinnuleysisráðum innan ESB hefur atvinnuleysishlutfallið aldrei verið hærra síðan í byrjun tíunda áratugarins. Til að geta náð takmarkinu um 75% atvinnuþátttöku árið 2020 þarf að skapa 17,6 millj. ný störf.

Evrópa getur aðeins náð takmarkinu með innleiðingu traustra þjóðhagslegra úrræða. Á sama tíma er nauðsynlegt að fjárfesta í úrræðum sem forgangsbætur í áætlunum til að stuðla að varanlegum vexti.

Til að skapa fleiri og betri störf þarfnast Evrópa vel skipulagðra atvinnumarkaða og vinnuafis með viðeigandi þekkingu og hæfni. Ákvarða þarf ramma utanum viðeigandi skilyrði til að tryggja atvinnutækifæri fyrir alla launþega og gera ráð fyrir samþættingu, varðveislu og þjálfun vinnuafis á evrópskum vinnumarkaði.

Við þessar óvenjulegar aðstæður reynir á samtök og stofnanir eins og BUSINESSEUROPE, UEAPME, CEEP, ETUC (og tengslaráðið EUROCADRES/CEC). Árangur okkar verður mældur í hæfni okkar í að koma á framfæri lausnum á þeim vandamálum sem vinnumarkaðir innan ESB búa við til að stuðla að vexti, atvinnu og félagslegri samheldni.

Skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaða í hverju landi og innan allra atvinnugeira leika mikilvægt hlutverk í að komast í gegnum þessa efnahagserfiðleika og yfirstíga þær áskoranir sem blasa við fyrirtækjum og launþegum. Það er því okkar sannfæring að skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaða innan ESB er góð viðbót við þau skoðanaskipti sem hafa farið fram í hverju landi og innan allra atvinnugeira og nauðsynlegt er að geta fjallað um erfiðustu málefnið í anda samvinnu.

Við erum meðvituð um þær kvaðir sem felast í starfshæfni innan félags- og atvinnamála, og því munum við leggja okkar af mörkum til að stuðla að traustum félagsmála- og atvinnustefnum innan ESB. Aðilar evrópskra vinnumarkaða munu taka virkan þátt í að móta komandi umræður um atvinnu- og félagsmál á þann hátt sem best þjónar þörfum vinnuveitendur og launþegum. Takmark okkar er einnig að skipuleggja gagnlegan ramma fyrir umræður í hverju landi varðandi nauðsynleg stefnumál og endurbætur. Í því tilliti getur meira samræmi milli ESB og framkvæmdaáætlana um félagsmál í hverju landi stuðlað að árangri fyrir Evrópubúa.

Sem aðilar evrópska vinnumarkaðarins, koma samtök og stofnanir eins og ETUC (og tengslaráðið EUROCADRES/CEC), BUSINESSEUROPE, CEEP og UEAPME að margvíslegum verkefnum. Starfsáætlunin 2012-2014 er lykilþáttur í áætluninni. Starfsáætlunin getur tekið breytingum í ljósi framtíðarþróunar innan ESB. Við munum að auki halda áfram að vinna á tveggja eða þriggja flokka plani á grundvelli komandi tillagna og frumkvæða framkvæmdastjórnarinnar.

Okkar starf

Starfsáætlun þessi nær yfir þriggja ára tímabil frá 2012 til 2014 og felur í sér eftirfarandi málefni og aðgerðir:

1. Atvinnumál ungs fólks (2012)

Þar sem meira en 22% ungs fólk er atvinnulaust er enn meiri þörf á að ráða bót á þessu óásættanlega ástandi. Aðstæður ungs fólks verða metnar í umræðunni sem forgangsatriði. Við munum leggja áherslu á tenginguna á milli menntunar, væntinga ungs fólks og þarfa vinnumarkaðarins, með tilliti til innkomu ungs fólks á atvinnumarkað, til að hækka almennt hlutfall atvinnuþátttöku.

Við munum einnig leggja til raunhæfar tillögur, sem hluti af aðgerðaáætlunum, til aðildarríkja og stofnana innan ESB. Þessi vinna mun nýtast við greiningu á atvinnumálum (Atriði 2 fyrir neðan). Við munum einnig hafa hlutverki að gegna í G20 áætluninni varðandi atvinnumál ungs fólk.

2. Ítarleg greining á atvinnumálum (2013)

Við munum rannsaka skipulag evrópskra vinnumarkaða á grundvelli sameiginlegrar greiningar frá árinu 2007 og sammæltra staðreynda/gagna. Greiningin mun taka til bæði skammtíma erfiðleika vegna fjármálakreppunnar sem og uppbyggingaratriða. Við viljum öðlast skilning á því hvers vegna stefnumál vissra ríkja hafa hingað til náð að vinna á kreppunni á áhrifaríkari hátt en annarsstaðar, þá einkum með tilliti til atvinnumála og starfshæfni. Á þessum grundvelli munum við draga ályktanir og leggja fram raunhæfar tillögur til aðildarríkja og stofnana innan ESB. Aðilar evrópskra vinnumarkaða munu síðan kynna og stýra þessum tillögum í hverju landi fyrir sig.

3. Jafnrétti kynjanna (2012-13)

Aðilar vinnumarkaða eru sammála um að þörf sé á frekri aðgerðum til að vinna á þeim ójöfnuði sem enn er til staðar milli kynjanna, þ.m.t. launamunur kynjanna. Í þeim tilgangi munu aðilar vinnumarkaða halda áfram að vinna eftir fjórum forgangsatriðum sem samþykkt voru í starfsáætluninni 2005 fyrir jafnrétti kynjanna, atriði sem enn eru nauðsynleg og í gildi. Þau munu byggja á árangursríkri reynslu fyrirtækja af innleiðingu aðgerðaráætlana, t.d. verkfæra til að hjálpa fyrirtækjum við innleiðingu á lausnum.

4. Menntun og lífstíðarþekking (2013-14)

Stöðug þróun á hæfni og menntun eru sameiginlegir hagsmunir og ábyrgð vinnuveitanda, starfsmanna og opinberra stofnana. Einn af lykilþáttum fyrirtækja fyrir nýsköpun og samkeppnishæfni er aðgangur að og þjálfun á hæfu. Fyrir starfsfólk er menntun, endurmenntun og þjálfun á vissri þekkingu og hæfni yfir starfsævina árangursríkasta leiðin til að finna og viðhalda atvinnu.

Árið 2002, innleiddu aðilar evrópskra vinnumarkaða starfsáætlun fyrir stöðuga þróun á þekkingu. Aðgerðaráætlunin er enn í gildi að því er varðar fjögur forgangsatriði hennar. Þó hafa eftirfarandi tvö málefni komið upp síðan árið 2002: 1) Nauðsynleg hæfni í grænum hagkerfum, 2) endurnýjun og þróun á hæfni eldri starfsmanna með tilliti til lengri starfsævi. Við munum fjalla um þessi tvö málefni á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um forgangsatriðin fjögur.

5. Hreyfanleiki og flutningur fólks á milli landa vegna efnahags (2014)

Eins og áður var samþykkt í starfsáætluninni 2009-2010 munum við fjalla sameignlega um málefni er varða hreyfanleika og flutning fólks á milli landa vegna efnahags og kynna samþættingu farandlaunþega á vinnumarkaðinum og á vinnustaðnum til að koma auga á mögulegar sameiginlegar aðgerðir.

6. Betri innleiðing og áhrif af verkfærum fyrir skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins (2012)

Sameiginlegt mat á "niðurstöðum og viðfangsefnum skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins" sem framkvæmt var árið 2011 leiðir í ljós að flestir aðilar vinnumarkaða í hverju landi hafa jákvæðar skoðanir á fyrri árangri að því er varðar innleiðingu á sjálfstæðum starfsáætlunarsamningum. Aðilar evrópskra vinnumarkaða hafa aftur á móti staðfest að bæta þarf áhrif og/eða innleiðingu þeirra mismunandi verkfæra sem fyrir hendi eru fyrir skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins, þá einkum í vissum löndum. Í samræmi við samþykktar starfsáætlanir 2006/2008 og 2009/2010, og á grundvelli reynslu af fyrri innleiðingarferlum og niðurstaðna málstofa á árinu 2012 varðandi þetta atriði munum við í sameiningu tryggja betri áhrif og/eða innleiðingu á verkfærum fyrir skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaða í Evrópu.

7. Hlutverk samtaka aðila vinnumarkaða (2012-2014)

Þörf er á öflugum samtökum aðila vinnumarkaða svo skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaða beri árangur. Framkvæmd hafa verið árangursrík verkefni til að aðstoða aðila vinnumarkaða í Mið- og Austurevrópu. Í sumum ríkjum er þörf á frekari aðgerðum. Við munum meta og koma með tillögur til að hámarka hvernig Félagsmálasjóður Evrópu getur komið að slíkum málum. Við munum að auki íhuga sameiginlegar aðgerðir til að stuðla að uppbyggingu hlutverks aðila vinnumarkaða á suðurströndum Miðjarðarhafsins, þá einkum í þeim ríkjum sem hafa nýlega upplifað kerfisbreytingar eftir "arabíska vorið" svonefnda.

8. Stjórnunarhættir í efnahags- og félagsmálum ESB (2012)

Stjórnunarhættir ESB í efnahagsmálum taka til hlutverks aðila vinnumarkaða, þá í tengslum við laun, eftirlaun og launakostnað, sem eru meginmálefni samskipta aðila vinnumarkaða í aðildarríkjunum. Við munum því hefja umræður í nefndinni fyrir skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaða á því að leitast við að skilgreina sameiginlega sýn á þeim afleiðingum sem yfirstandandi umræður um stjórnarhætti ESB í efnahagsmálum hafa fyrir skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaða í Evrópu og í hverju landi, og með það að markmiði að þróa mögulegar tillögur á hverju stigi.
